

Gjaldskrá

Lögmannsstofu Norðurlands ehf.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir lögfræðipjónustu og tengda þjónustu Lögmannsstofu Norðurlands ehf. Gjaldskráin gildir um gjaldtöku lögmanna og eftir atvikum annarra starfsmanna á vegum stofunnar vegna veittrar þjónustu, hafi ekki verið samið um annað.

2. gr.

Að jafnaði er þóknun ákvörðuð samkvæmt tímagjaldi. Sé þóknun samkvæmt hagsmunatengdri gjaldskrá lægri en nemur þóknun samkvæmt tímaskráningu, þá greiðist þóknun fyrir vinnu samkvæmt tímaskráningu.

3. gr.

Tímagjald er frá kr. 18.800 til kr. 45.500. Fjórðungur úr klukkustund gjaldfærist fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur. Að jafnaði skal tímagjald lögmanns með meira en þriggja ára reynslu vera kr. 38.600 og tímagjald lögmanns með meira en 10 ára reynslu vera 41.000. Tímagjald lögmanns með réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands og meira en 15 ára reynslu skal heimilt að ákvarða 45.500,-

4. gr.

Auk tímagjalds er innheimt upphafsgjald vegna hvers máls, kr. 5.200 vegna einstaklinga og kr. 20.700 vegna lögaðila.

Heimilt er að innheimta gjald vegna vinnu sérhæfðs starfsmanns á vegum lögmannsstofunnar.

5. gr.

Lögmaður skal skrá í tímaskýrslu þá tíma sem fara í verkið. Tímaskýrslur skulu að jafnaði fylgja reikningum í málum þar sem þóknun miðast við tímagjald.

Málflutningur

6. gr.

Þegar mál er flutt munnlega fyrir dómi, úrskurðarnefndum eða sambærilegt, eða gagnaöflun fer fram eftir þingfestingu dómsmáls, er þóknun kr. 150.000 að viðbættum 15% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 5.000.000, 7% af næstu kr. 9.000.000 og 4% af því sem umfram er.

Þóknun getur þó aldrei orðið lægri en sem nemur tímagjaldi skv. tímaskráningu lögmanns.

7. gr.

Í málum þar sem örðugt er að meta hagsmuni til fjár og þar sem um lágar fjárhæðir er að ræða en úrslit máls hafa þýðingu fyrir ótiltekinn fjölda, skal að jafnaði miða þóknun lögmanns við tímagjald. Við ákvörðun þóknunar er lögmanni heimilt að taka tillit til þess þegar hagsmunir viðskiptamanns af úrslitum máls eru meiri en kröfufjárhæð.

Við milligöngu eða skjalagerð vegna fasteignaviðskipta eða verðmætra lausafjármuna skal þóknun að jafnaði vera 2% af samningsfjárhæð auk tímagjalds.

Mót

8. gr.

Þóknun fyrir mót í máli sem tekið er fyrir hjá héraðsdómi, Hæstarétti, sýslumanni eða sambærilegt er kr. 12.200. Þóknun fyrir mót við framhaldssölu er tvöföld framangreind fjárhæð. Taki verkið lengri tíma en 30 mínútur reiknast tímagjald lögmanns skv. 3. og 4. gr.

Innheimtur

9. gr.

Innheimtubóknun vegna mála þar sem send eru löginnheimtubréf reiknast af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

- a) Grunngjald innheimtubóknunar er kr. 9.300. Við bætist, af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta:

25% af fyrstu 85.000 krónum innheimtufjárhæðar,
10% af næstu 650.000 krónum innheimtufjárhæðar,
5% af næstu 6.500.000 krónum innheimtufjárhæðar,
3% af næstu 50.000.000 krónum innheimtufjárhæðar og
2% af því sem umfram er.

- b) Við ítrekun löginnheimtubréfs bætast við kr. 8.200.

- c) Ljúki málum með sátt greiðist þóknun skv. ofangreindu að viðbættum kr. 21.200 fyrir ritun sáttar.

- d) Grunngjald fyrir stefnugerð vegna allra innheimtumála sem fara fyrir dóm er kr. 22.900. Við það bætist innheimtubóknun skv. a-lið 9. gr. Fari mál í aðalmeðferð gildir þó tímagjald lögmanns skv. 3. og 4. gr. auk grunngjalds fyrir stefnugerð. Þóknun vegna dómsmála getur almennt ekki orðið lægri en sem nemur tímagjaldi skv. tímaskráningu lögmanns.

- e) Fyrir ritun greiðsluáskorunar, beiðni um aðför, nauðungarsölu og vörslusviptingar, kröfulýsingar, kröfu um gjaldþrotaskipti og afturköllun er þóknun auk tímagjalds lögmanns að lágmarki kr. 7.600.

- f) Fyrir athugun á eignastöðu einstaklinga og fyrirtækja, t.d. með leit í ökutækjaskrá, fasteignaskrá, vanskilaskrá Lánstrausts o.fl. reiknast þóknun samkvæmt tímagjaldi, þó að lágmarki kr. 1.650, auk útlagðs kostnaðar hverju sinni.

- g) Kröfuhafi ber ábyrgð á útlögðum kostnaði hverju sinni.

10. gr.

Skuldari kröfu greiðir innheimtubóknun að meginreglu auk útlagðs kostnaðar vegna kröfu. Um kostnað kröfuhafa fer samkvæmt innheimtusamningi. Heimilt er innheimta sérstakt greiðslugjald af skuldara kröfu þegar gert er samkomulag um greiðsludreifingu.

Innborganir ganga fyrst til greiðslu útlagðs kostnaðar og innheimtupóknunar og síðan til greiðslu vaxta og annars kostnaðar kröfuhafa, en síðast til höfuðstóls.

Tjónabætur

11. gr.

Þóknun fyrir uppgjör og samninga um tjónabætur skal reiknuð eftir 3. og 4. grein.

12. gr.

Ef einnig er um að ræða gagnaöflun eða mál er umfangsmikið er heimilt er að semja um þóknun sem hlutfall af heildarþótagreiðslu við tjónþola og skal þá miðað við 6. gr. gjaldskrár þessarar auk 25-40% álags, allt eftir hagsmunum og eðli máls.

13. gr.

Þegar reka þarf mál fyrir dómstólum er þóknun fyrir innheimtu tjónabóta innheimt skv. 3. og 4. gr.

Ýmis ákvæði

14. gr.

Við allar fjárhæðir í gjaldskránni bætist virðisaukaskattur eins og hann er á hverjum tíma.

15. gr.

Viðskiptavinur greiðir allan útlagðann kostnað, þar með talinn kostnað við akstur, ferðalög og gagnaöflun ef við á.

16. gr.

Gjalddagi reikninga er við útgáfu þeirra. Að jafnaði eru reikningar vegna mála í vinnslu sendir út mánaðarlega, eftir því sem verki vindur fram.

Verði ágreiningur um þóknun lögmanns eða lögmannsstofunnar er viðskiptamanni heimilt að bera ágreining undir Úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands. Erindi til nefndarinnar verður að berast **innan árs eftir að kostur var á að koma því á framfæri við nefndina**. Að öðrum kosti vísar nefndin erindinu frá.

Gildir frá og með 1. febrúar 2026.